

Föstudaginn 15. desember 1989.

Nr. 166/1988. **Protabú Hermanns Björgvinssonar**

(Atli Gíslason hrl.)

gegn

**Sveini Jónssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Gjaldprot. Löggeymsla. Séráttkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 3. júní 1988. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 939.163,00 krónur með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 6. október 1986 til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 12. maí 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Aðfararheimild sú, sem stefndi reisti á kröfu sína um fjárnám hjá Hermann Björgvinssyni, var dómur í tékkamáli. Sýknukrafa í málinu var reist á því, að stefnukrafan tengdist refsiverðri háttsemi. Opinber rannsókn fór fram á lánsviðskiptum Hermanns Björgvinssonar við ýmsa aðila, m.a. stefnda. Leiddi sú rannsókn ekki til þess, að stefndi yrði sakfelldur.

Stefndi kom ekki fram fjárnámi og krafðist löggeymslu til tryggingar dómskuldinni sökum þess, að Hermann Björgvinsson áfrýjaði nefndum héraðsdómi. Fógetaréttur Kópavogs úrskurðaði 11. mars 1986, að hin um beðna gerð skyldi ná fram að ganga. Að gengnum úrskurði 19. sama mánaðar var löggeymsla lögð á reiðufé Hermanns Björgvinssonar, sem Rannsóknarlögregla ríkisins hafði lagt hald á og var í hennar vörslum. Löggeymslunni var ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Hún fór fram utan sex mánaða frests samkvæmt 1. tölulið

58. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, og hafði samkvæmt eðli sínu sömu réttaráhrif og fjárnám gagnvart áfrýjanda.

Þegar það lá fyrir, að fallið hefði verið frá áfrýjun héraðsdóms, var stefnda rétt að krefjast greiðslu af hinu löggeymda fé, svo sem lögmaður hans gerði með bréfi til bæjarfógetans í Kópavogi 3. október 1986. Með atbeina fógeta fékk stefndi fullnustu kröfu sinnar, svo sem lög stóðu til, með greiðslu af hinu löggeymda fé. Eins og hér stóð á, reynir ekki á riftunarreglu 61. gr. laga nr. 6/1978.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um annað en málskostnað, en rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 100.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, þrotabú Hermanns Björgvinssonar, greiði stefnda, Sveini Jónssyni, 100.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### S é r a t k v æ ð i

##### Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt óáfrýjuðum úrskurði frá 11. mars 1986 lagði fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi að ósk stefnda löggeymslu á fé Hermanns Björgvinssonar, en það var þá í vörslum Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Löggeymsla er réttargerð, sem hefur sömu réttaráhrif og aðför að öðru leyti en því, að löggeymslan veitir aðeins tryggingu í þeim fjármunum, sem fullnustugerðin er í gerð, en ekki rétt til sölu, sbr. og 7. gr. aðfararlaga, nr. 19/1887. Réttur til sölu er undir því kominn, hver úrslit málsins verða í Hæstarétti. Skilja ber réttarreglur um löggeymslu svo, að þegar meðferð máls er lokið fyrir Hæstarétti, veiti löggeymslan rétt til sölu eða útlagningar eftir úrslitunum í Hæstarétti án frekari réttaraðgerða.

Eftir að mál það, sem var grundvöllur löggeymslunnar, var fellt niður í Hæstarétti 1. október 1986, það lögmaður stefnda 3. s.m. um fjárnám í löggeymdum munum í fógetarétti. Í þinghaldi 6. s.m.

óskaði hann þess, að löggeymslan yrði felld niður og fjárnám gert í hinu löggeymda fé. Síðan fór fram fjárnám lögum samkvæmt, sem hófst að heimili gerðarþola. Það var ekki fyrr en sá, er þar hittist fyrir, kvaðst ekki geta greitt, að gerðin var að kröfu gerðarbeiðanda flutt í sakadóm Kópavogs, en bókað er, að gerðarbeiðandi telji þar að finna reiðufé gerðarþola. Í sakadómi voru fógeta afhent gögn um reiðufé í vörslum dómsins. Deilur eru með aðilum, hvort þetta fé var hið sama og hið löggeymda, og mótmælir áfrýjandi því, að andlag gerðanna hafi verið hið sama. Eins og að þessari fullnustugerð var staðið, verður að líta á hana sem nýja gerð.

Hermann Björgvinsson óskaði gjaldþrotaskipta 9. október 1986. Fjárnám það, er gert var 6. október 1986, var fullnustugerð í skilningi 58. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978. Með því að hún fór fram á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag, batt hún búið á engan hátt samkvæmt þessu lagaákvæði.

Ber því að dæma stefnda til að endurgreiða áfrýjanda hina um stefndu fjárhæð ásamt vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Sveinn Jónsson, greiði stefnanda, þrotabúi Hermanns Björgvinssonar, 939.163,00 krónur með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 6. október 1986 til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. mars 1988.

##### I.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. febrúar sl., er höfðað af Magnúsi M. Norðdahl hdl., Ingólfsstræti 5, Reykjavík, f.h. þrotabús Hermanns Björgvinssonar, nnr. 4042-5993, Auðbrekku 10, Kópavogi, með stefnu, birtri 29. apríl 1987, á hendur Sveini Jónssyni, Breiðagerði 7, Reykjavík, nnr. 8750-5863, til greiðslu á 939.163,00 kr. ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði

frá 6. október 1986 til 1. mars 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og fram lögðum reikningi, en niðurfellingar málskostnaðar, tapist málið.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, en til vara verulegrar lækkunar á stefnukröfum, auk þess sem vaxtakröfum stefnanda er ex tuto mótmælt, bæði vaxtafæti og upphafsdegi vaxta. Þá er málskostnaðar krafist í varakröfu.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

## II.

Mál þetta var þingfest 12. maí 1987, og skilaði stefndi greinargerð 30. júní s.á. Gerði hann þær kröfur aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, og fór fram munnlegur málflutningur um frávisunarkröfuna 26. október s.á. Með úrskurði, upp kveðnum 2. nóvember s.á., var frávisunarkröfu stefnda hrundið.

## III.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að 4. mars 1986 hafi lögmaður stefnda, Kristján Stefánsson hdl., komið í fógetarétt Kópavogs og lagt þar fram dóm bæjarþings Kópavogs, dags. 24.2. 1986, í bæjarþingsmálinu Sveinn Jónsson gegn Hermanni Björgvinssyni, og hafi hann krafist þess, að lögð yrði löggeymsla á verðmæti í eigu gerðarþola, Hermanns Björgvinssonar. Hafi hann sagt löggeymsluna vera til tryggingar skuld, að fjárhæð 671.830,00 kr., ásamt 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 6.12. 1985 til greiðsludags, 55.000,00 kr. í málskostnað og 490,00 kr. í birtingarkostnað auk alls kostnaðar við gerðina. Með löggeymslubeiðni og endurríti dóms hafi lögmaðurinn lagt fram afrit af áfrýjunarstefnu fyrir framangreindu bæjarþingsmáli. Fyrir fógetarétt hafi gerðarþoli, Hermann Björgvinsson, komið ásamt lögmanni sínum, Grétari Haraldssyni. Hafi málinu verið frestað til næsta dags og tekið þá fyrir að nýju. Hafi lögmaður gerðarþola mótmælt löggeymslunni, þar sem lagaskilyrði skorti. Þar sem sættir tókust ekki, hafi málið verið tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi og úrskurður kveðinn upp, svo að gerðin skyldi ná fram að ganga. Hinn 18.3. 1986 hafi málið verið tekið fyrir að nýju og skorað á gerðarþola að benda á eignir til löggeymslu. Hafi gerðarþoli bent á til löggeymslu tékka, að fjárhæð 181.150.000,00 kr., út gefinn af Sigurði Kárasyni til handhafa 29.11. 1985. Lögmaður gerðarbeiðanda hafi mótmælt og krafist þess, að löggeymsla yrði lögð á reiðufé, sem hann taldi sig vita af í vörslu Rannsóknarlögreglu ríkisins. Hafi þeirri kröfu verið mótmælt af lögmanni gerðarþola, og hafi það deiluefni verið tekið til úrskurðar. Hafi fógeti úrskurðað, að löggeymsla skyldi ná fram að ganga, og hafi að svo búnu verið lögð löggeymsla á reiðufé gerðarþola í íslenskum pening-

um og erlendum gjaldeyri, sem hann hafði upplýst, að Rannsóknarlögregla ríkisins hefði lagt hald á 31.10. 1985, er gerðarþoli var handtekinn vegna grunar um okur.

Hinn 6. október 1986 hafi fúgetaréttur Kópavogs verið settur enn að nýju og tekið fyrir fúgetaréttarmálið Sveinn Jónsson gegn Hermanni Björgvinsyni. Lögmaður gerðarbeiðanda hafi þá lagt fram gerðarbeiðni, endurrit úr fúgetabók Kópavogs varðandi löggeymslu 19.3. 1986 og vottorð Hæstaréttar Íslands um, að niðurfall hefði orðið á áfrýjun í bæjarþingsmálinu Sveinn Jónsson gegn Hermanni Björgvinsyni. Lögmaður gerðarbeiðanda hafi óskað eftir því, að löggeymsla, á lögð 19.3. 1986, félli niður, og jafnframt, að lagt yrði fjárnám á hina löggeymdu muni til tryggingar dómskuld, að fjárhæð 3.374.134,00 kr., ásamt þeim vöxtum og kostnaði, sem að framan greini. Fúgetaréttarhaldið hafi hafist að Engihjalla 1B, skráðu lögheimili gerðarþola, en hann hafi ekki verið viðstaddur. Fyrir hann hafi sótt réttarhaldið Lárus Ragnarsson. Áminntur um sannsögli hafi hann sagst ekki geta greitt. Lögmaður gerðarbeiðanda hafi þá krafist þess, að honum yrði greidd skuldin með reiðufé gerðarþola, sem nú hafi verið komið í vörslu sakadóms Kópavogs. Um hafi verið að ræða stofnskirteini yfir gjaldreyrisreikning nr. 180111, að fjárhæð \$ 22.000,00, staða 31.12. 1985 \$ 22.256,67, og reikningseigandi skráður Rannsóknarlögregla ríkisins, í öðru lagi stofnskirteini varðandi gjaldeyrisreikning nr. 480018, stofnaðan 4.11. 1985, d. kr. 57.500,00, staða 31.12. 1985 d. kr. 58.215,56, reikningseigandi Rannsóknarlögregla ríkisins, í þriðja lagi stofnskirteini varðandi gjaldeyrisreikning nr. 380048, sömuleiðis inn lagðan 4.11. 1985, DM 81.000,00, staða 31.12. 1985 DM 81.535,00, reikningseigandi Rannsóknarlögregla ríkisins. Allir hafi þessir gjaldeyrisreikningar verið í Búnaðarbanka Íslands, útibúinu Kópavogi. Jafnframt hafi sakadómur Kópavogs afhent sparisjóðsbók nr. 2823 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogsútbúi, þar sem innleggið hafi verið 690.000,00 kr., inn lagt 4.11. 1985. Samtals hafi verið um að ræða innstæður á framangreindum reikningum að fjárhæð 3.737.635,66 kr., og hafi lögmanni gerðarbeiðanda verið greiddar 939.163,00 kr. til greiðslu á kröfu þeirri, er fjárnáms var krafist fyrir. Að svo búnu hafi rétti verið slitið.

Hinn 9.10. 1986 hafi gerðarþoli, Hermann Björgvinsson, komið í skiptarétt Kópavogs og farið þess á leit, að bú sitt yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Hinn 17.11. 1986 hafi verið kveðinn upp úrskurður. Skv. 1. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, 1. gr., 1. mgr., sömu laga (sic) sé frestdagur í gjaldþrotabúi Hermanns Björgvinssonar 9.10. 1986. Í byrjun nóvember 1986 hafi Magnús M. Norðdahl hdl. verið ráðinn bústjóri til bráðabirgða í þrotabúinu, og hafi hann 24.11. 1986 ritað Sveini Jónssyni bréf, þar sem nefndur Sveinn var krafinn um endurgreiðslu á 939.163,00 kr. með vísan til 58. gr. 1. nr. 6/1978. Í fyrrgreindu bréfi bústjórans sé upphafsdagur skipta ranglega tilgreindur

10.10. 1986, en sú skekkja breyti engu um gildi kröfubréfsins. Hinn 8.12. 1986 hafi lögmaður stefnda svarað erindi bústjórans og hafnað kröfu hans með vísan til þess, að löggeymsla hefði verið lögð á reiðufé Hermanns Björgvinssonar 19.3. 1986, rúmum sjö mánuðum fyrir frestdag. Hafi hann vísað til lögjöfnunar frá 58. gr. 1. nr. 6/1978. Á skiptafundi, sem haldinn var 27.2. 1987, hafi verið samþykkt heimild til bústjóra til málhöfðunar á hendur stefnda.

Málsástæður sínar kveður stefnandi vera þessar:

Endurgreiðslukrafa þb. Hermanns Björgvinssonar styðjist aðallega við 24. gr. og 8. kafla 1. nr. 6/1978, um gjaldþrot.

Í fyrsta lagi verði að líta svo á, að löggeymslan, sem lögð var á reiðufé stefnanda, hafi verið bráðabirgðagerð, sem jafna megi við kyrrsetningu skv. 3. tl. 24. gr. 1. nr. 6/1978 og sé því ekki skuldbindandi fyrir búíð. Krafa stefnanda um, að löggeymslunni verði jafnað til kyrrsetningar og að ákvæði 2. tl. 24. gr. 1. nr. 6/1978 verði beitt með lögjöfnun um löggeymslu, styðjist við það, að löggeymsla veiti gerðarhafa ekki rétt til þess að selja hið löggeymda á uppboði, ekki rétt til þess að taka hið löggeymda í vörslu sína né taka sér greiðslu af því. Fullnusta löggeymslunnar sé með öllu háð því, að mál það, sem áfrýjað hafi verið til Hæstaréttar, vinnist af hálfu gerðarhafa, og í framhaldi þess verði fógetagerðin tekin upp og henni fram haldið til fullnustu. Löggeymslunni sé að lögum ekki ætlað annað hlutverk en tryggja löggeymsluhafa til bráðabirgða gagnvart öðrum aðfararhöfum og framframt að tryggja honum, að hið löggeymda sé enn tiltækt, er dómur gangi í hinu áfrýjaða máli. Fyrri hluti tilskipunar frá 13.1. 1792 gildi ekki um fógetagerð þá, er fram fór 19.3. 1986, heldur eigi seinni hluti tilskipunarinnar við, sem vísi beint til 24. gr. 22. kapitula 1. bókar Norsku laga Kristjáns V. Löggeymsla hafi skv. þessu öll einkenni þeirra bráðabirgðagerða, sem 24. gr. 1. nr. 6/1978 sé ætlað að taka á.

Í öðru lagi sé við það miðað, að fógetagerð stefnda í eignum þb. Hermanns Björgvinssonar, sem fram fór 6.10. 1986, hafi í skilningi 58. gr. 1. nr. 6/1978 verið gerð innan sex mánaða fyrir upphaf skipta og því ekki skuldbindandi fyrir þrotabúíð. Þar sem stefndi hafi ekki sinnt greiðslutilmælum þrotabúsins, sé nauðsynlegt að höfða mál þetta til greiðslu kröfunnar. Viðurkennt sé, að upphaf gerðarinnar hafi farið fram utan við það sex mánaða tímabil, sem 58. gr. gjaldþrotalaga greini. Hins vegar verði að líta svo á, að fógetagerðinni, sem hófst í fógetarétti Kópavogs 19.3. 1986, hafi verið fram haldið og henni lokið 6.10. 1986, og miða beri sex mánaða frest skv. ákvæði 58. gr. 1. nr. 6/1978 við lok gerðarinnar, en ekki upphaf hennar. Verði litið svo á, að löggeymslan sé fullnustugerð, sem falli utan við 24. gr. 1. nr. 6/1978, sé ljóst, að þeirri fullnustugerð hafi ekki lokið og ekki getað lokið 19.3. 1986. Nauðsynleg forsenda endanlegrar fullnustu sé dómur Hæstaréttar í vil gerðarhafa eða, eins og í máli þessu, að þingsókn falli niður í Hæstarétti af hálfu

dómpóla. Þar til þessar forsendur liggi fyrir, sé einungis um að ræða geymdan rétt gerðarhafa, sem ómögulegt sé að fullnusta.

Nauðsyn hafi borið til þess, eftir að vottorð Hæstaréttar lá fyrir, að gerðin yrði upp tekin og henni fram haldið til endanlegrar fullnustu gerðarhafa af hinu löggeymda, enda leiði löggeymslan ekki til sjálfstæðrar fullnustu. Frestur skv. 58. gr. 1. nr. 6/1978 skuli því miðast við nauðsynlega endurupptöku eða framhald hinnar upphaflegu gerðar, en ekki upphaf hennar. Þetta sjónarmið styðjist einnig við 60. gr. 1. nr. 6/1978, en á bak við það lagaákvæði sé m.a. það sjónarmið, að kröfuhafi geti ekki reist rétt á ráðstöfun eða fullustugerð gagnvart þrotabúi skuldara, nema hann hafi fullnægt þeim skilyrðum eða gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar séu, til þess að betri réttur fái ekki með annarri réttargerð. Þessar ráðstafanir séu m.a. þinglýsing, vörslusvipting eða aðrar sambærilegar ráðstafanir. Þessar ráðstafanir hafi stefndi ekki gert og hafi ekki heldur getað gert, fyrr en vottorð Hæstaréttar lá fyrir 2.10. 1987. Þess vegna sé enn frekar ástæða til þess að miða frest skv. 58. gr. við gerð þá, sem fram fór 6.10. 1986.

Fallist rétturinn ekki á þá niðurstöðu, að löggeymsla stefnda og fjárnám það, sem gert var 6.10. 1986, skuli falla niður, sökum þess að fyrrgreind löggeymsla sé bráðabirgðagerð, sem falli niður sem slík með vísan til 24. gr. gjaldþrotalaga, eða að fjárnámið, sem fram fór 6.10. 1986, sé framhald og lok þeirrar gerðar, sem hófst 19.3. 1986, þá sé endurgreiðslukrafa stefnanda reist á því, að lögmaður gerðarbeiðanda hafi með bókun í fógetarétti Kópavogs óskað eftir því, að löggeymsla, sem lögð var á eignir gerðarþola 19.3. 1986, félli niður. Í framhaldi þeirrar yfirlýsingar sinnar hafi lögmaðurinn krafist þess, að lagt yrði fjárnám á þá sömu muni og lögð hafði verið löggeymsla á 19.3. 1986 til tryggingar sömu skuld. Við þeirri beiðni hafi fógeti orðið með því að hefja nýja fógetagerð, sem stefnt hafi verið að sömu eignum, sem síðan hafi verið tekin greiðsla af að kröfu lögmanns gerðarbeiðanda, án tillits til löggeymslu þeirrar, sem lögð var á 19.3. 1986. Hin síðari fógetagerð, sem fram fór 6.10 1986, sé því ný fógetagerð, sem marki nýtt upphaf frests í skilningi 58. gr. 1. nr. 6/1978, og sú greiðsla, sem fram fór í fógetarétti Kópavogs í framhaldi af fjárnámskröfu gerðarbeiðanda, bindi því ekki þrotabúið á nokkurn hátt.

Um málsástæður að öðru leyti vísar stefnandi til gjaldþrota- og réttarfarslaga. Þá tekur stefnandi sérstaklega fram, að stefnda hafi við hina umdeildu fógetagerð verið fullljóst, að þær eignir, sem greiðsla var tekin af, hafi verið einu eignir búsin, sem fjárnám var leggjandi á, og því ljóst, að gerðarþoli var ekki gjaldfær.

Sýknukröfu sína reisir stefndi m.a. á þeirri málsástæðu í fyrsta lagi, að stefndi hafi fengið greiddan óáfrýjanlegan dóm á hendur þrotamanni, Hermanni Björgvinssyni, en greiðsla hafi farið fram fyrir frestdag með því,

að bæjarfógetinn í Kópavogi greiddi í þinghaldi 6.10. 1986 löggeymda peninga. Því sé mótmælt, að endurgreiðsluskilyrði VIII. kafla laga um gjaldþrotaskipti, nr. 6/1978, eigi við, þar sem eigi sé um nákominn aðila að ræða eða greitt með óvenjulegum greiðslueyri. Löggeymslu eða aðför, sem geymi öll réttaráhrif fjárnáms, verði ekki rift, þar sem hún sé lögð á sérgreind verðmæti utan sex mánaða fyrir frestdag. Með löggeymsluaðför 19.3. 1986 hafi þrotamaður verið sviptur mögulegum umráðum hinna löggeymdu verðmæta. Löggeymsla sé fullnustugerð, en ekki tryggingargerð, eins og staðhæft sé í stefnu, enda þoki hún ekki fyrir aðför, eins og tryggingargerðir geri.

Með beiðni á dskj. nr. 7 hafi verið krafist atbeina fógetadóms til að fá fullnustu óáfrýjanlegs dóms með afhendingu hins löggeymda reiðufjár.

Taka fjárins og afhending þess til lögmanns stefnda hafi ekki verið fjárnám, sbr. dskj. nr. 9.

Beiðni lögmanns stefnda um niðurfellingu á löggeymslu hafi verið bundin afhendingu fjárins, enda falli réttaráhrif löggeymslunnar eðli málsins samkvæmt niður við greiðslu; lausnargerð hafi ekki verið gerð.

Þá séu sýknukröfur enn fremur reistar á ákvæðum 32. gr. gjaldþrotalaganna, þ.e. stefndi hafi uppi til skuldajafnaðar gegn endurgreiðsluskyldu kröfur sínar á hendur stefnanda.

Þá séu sýknukröfur stefnda reistar á ákvæðum 45. gr. eml., nr. 85/1936, in fine, um aðildarskort. Þar sem kröfur stefnanda taki til afhendingar hinna löggeymdu fjármuna, sýnist rétt, að kröfurnar yrðu því hafðar uppi gegn fógetarétti Kópavogs, en ekki gegn stefnda.

Varakrafa stefnda til lækkunar stefnukröfum verði kynnt ýtarlega í rekstri málsins. Kröfur séu gerðar til lækkunar á vöxtum, og eins sé gerð krafa til, að vextir verði reiknaðir fyrst frá þingfestingardegi. Ekki sé eðlilegt, að stefndi verði krafinn um vexti, fyrr en ákvörðun um málshöfðun hafði verið tekin með formlegum hætti á skiptafundi stefnanda og stefnda gerð ljós sú ákvörðun, en það hafi fyrst verið gert með málshöfðun.

Þá sé sérstaklega mótmælt kröfum stefnanda um málskostnað.

#### IV.

Af hálfu stefnanda er því í fyrsta lagi haldið fram, að löggeymsla sé tryggingargerð, en ekki fullnustugerð, og verði henni jafnað til kyrrsetningar skv. 3. tl. 24. gr. l. nr. 6/1978, og að 2. tl. sömu greinar verði beitt með lögjöfnun um löggeymslu. Verður að skilja svo þessa kröfu stefnanda, að með gagnályktun frá 2. tl. víki þær gerðir, sem ekki teljist fullnustugerðir, fyrir gjaldþroti.

Í 1. tl. 58. gr. l. nr. 6/1978 segir, að fullnustugerð fógeta í eignum þrotamanns á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag bindi búið á engan hátt. Laga-

ákvæði þetta leysti af hólmi 22. gr. eldri gjaldþrotalaga, nr. 25/1929, sem var svohljóðandi:

„Hafi farið fram fjárnám til sölu við uppboð eða löggeymsla eftir sætt um greiðslu skuldar, er þrotamaður hefir gengið að, á tímabili því, sem um er að ræða í 19. gr., eða eftir dómi í máli, er höfðað hefir verið á sama tímabili, þá falla í burtu sérréttindi þau í búinu, er af fjárnáminu eða löggeymslunni leiðir, nema því aðeins, að sannað verði, að þrotamaður hafi enn átt fyrir skuldum, þegar sættin var gerð eða mál höfðað, eða ef lánardrottinn sannar, að hann hafi haft fulla ástæðu til þess að ætla, að þrotamaður ætti þá fyrir skuldum.“

Frestur sá, sem vísað er til í 19. gr. laganna, er sá hinn sami og í 58. gr. núgildandi laga. Skilyrði þess, að réttindi þau, sem framangreindar fullnustugerðir veittu, féllu niður, voru þau, að aðfararheimildin væri fengin innan sex mánaða frestsins.

Breytingin, sem varð með gildistöku 58. gr. núgildandi laga, er einkum sú, að ákvæðið tekur til allra fullnustugerða, en takmarkast ekki einungis við löggeymslu og fjárnám, en auk þess skiptir ekki máli, hvenær aðfararheimildin er fengin.

Af framansögðu má vera ljóst, að löggeymslan sem slík telst vera fullnustugerð í skilningi gjaldþrotalaga, og er ekki fallist á það með stefnda, að henni verði jafnað til kyrretningar skv. 3. tl. 24. gr. gjaldþrotalaga eða að 2. tl. sömu greinar verði beitt um hana með lögjöfnun. Samkvæmt þessu er enn fremur nægilegt, að löggeymslan sem slík hafi verið lögð á muni þrotamanns fyrir upphaf sex mánaða frestsins, til þess að hún verði bindandi fyrir þrotabúið. Í máli þessu er ágreiningslaust, að löggeymsla var lögð á fyrir upphaf frestsins.

Munir þeir, sem lögð var á löggeymsla, voru í vörslu Rannsóknarlögreglu ríkisins. Verður að telja, að þessi vörslusvipting þrotamanns á mununum skoðist næg tryggingarráðstöfun í skilningi 60. gr. l. nr. 6/1978.

Við munnlegan málflutning vísaði lögmaður stefnanda til 61. gr. gjaldþrotalaga, en lögmaður stefnda mótmælti þeirri tilvísun sem of seint fram kominni.

Í málátlíbúnaði sínum tekur stefnandi fram, að stefnda hafi verið ljóst, að gerðarþoli var ekki gjaldfær, þegar löggeymslan var lögð á, og rúmast þessi málsástæða innan 61. gr. gjaldþrotalaga. Hins vegar fjallar 61. grein laganna um riftunarkröfu, en slíka kröfu hefur stefnandi ekki haft uppi. Verður almenn tilvísun stefnanda í 8. kafla gjaldþrotalaga ekki skilin svo, að hann sé með því að gera kröfu um riftun á ráðstöfunum þrotamanns.

Krafa stefnanda um endurgreiðslu með vísan til 61. gr. verður því þegar af þessum sökum ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 185.920,00 kr., þar með talinn söluskattur, 19.920,00 kr.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sveinn Jónsson, Breiðagerði 7, Reykjavík, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, þrotabús Hermanns Björgvinssonar, Auðbrekku 10, Kópavogi.

Stefnandi, þrotabú Hermanns Björgvinssonar, greiði stefnda, Sveini Jónssyni, 185.920,00 kr. í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---